



Uppgjör Landsbankans fyrir fyrri helming ársins 2024

Fréttatilkynning 18. júlí 2024

Fréttatilkynning 18. júlí 2024

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrri helming ársins 2024

- Hagnaður Landsbankans á fyrri helmingi ársins 2024 nam 16,1 milljarði króna eftir skatta, þar af 9,0 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi.
- Arðsemi eiginfjár var 10,5% samanborið við 10,3% á sama tímabili árið áður.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9% og vaxtamunur heimila á tímabilinu var 2%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 29,1 milljarður króna og hreinar þjónustutekjur voru 5,4 milljarðar króna.
- Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 3,5 milljarða króna, en stór hluti virðisbreytinga eru vegna óvissu um fjárhagslegar afleiðingar náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga.
- Kostnaðarhlutfall er 33,1% samanborið við 36,1% á sama tímabili árið 2023.
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 24,4% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir 20,4% heildarkröfu um eiginfjárgrunn.
- Samningur um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. af Kvikubanka var undirritaður 30. maí.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu sex mánuði ársins er sterkt og öll fjárhagsleg markmið sem bankinn hafði sett sér náðust. Arðsemi er í samræmi við markmið og kostnaðarhlutfallið er með því lægsta sem gerist. Vaxtatekjur eru sterkar en vel hefur tekist til við ávöxtun á lausafé bankans.

Stærsti viðburður síðasta fjórðungs er undirritun á samningi um kaup bankans á TM en markmiðið með kaupunum er að bjóða viðskiptavinum fjölbreyttari þjónustu, fjölga tekjustoðum og auka verðmæti bankans fyrir hluthafa. Kaupin bíða nú samþykkis frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitinu.

Þjónustutekjur lækka eilítið, eftir sérlega góðan árangur á sama tímabili í fyrra, en leitnin er upp á við. Kraftmikil þróun og nýjungar í appi, ásamt fjölgun fyrirtækja í viðskiptum skila bankanum auknum tekjum, hvort sem er í gegnum færsluhirðingu eða aðra þjónustu. Við erum stolt af þeim glæsilega árangri sem hefur náðst við að innleiða nýja þjónustu í Landsbankaappið. Samhliða hefur öryggi verið aukið með nýrri neyðarþjónustu þar sem viðskiptavinir geta lokað á allan aðgang á augabragði, bæði að greiðslukortum, appi og netbanka og ekki er hægt að opna aftur nema hafa samband við bankann.

Við leggjum áherslu á að einfalda viðskiptavinum lífið. Árangur okkar birtist í góðu uppgjöri, hagkvæmum rekstri og góðum skilningi á flóknu rekstrarumhverfi sem reglulega er rýnt af eftirlitsaðilum. Við höfum fjölgað tekjustoðum og bjóðum mjög fjölbreytta bankaþjónustu sem flestir viðskiptavinir nýta sér daglega eða oft. Ég er ánægð með hversu vel starfsfólki bankans tekst að eiga við ólíkar áskoranir og breytingar á starfsumhverfi bankans. Ekkert okkar missir sjónar á því allra mikilvægasta, að viðskiptavinir séu ánægðir og fái hagkvæma og góða þjónustu, því það mun skila okkur árangri til framtíðar.“

Helstu atriði úr rekstri og efnahag á öðrum ársfjórðungi (2F) 2024

Rekstur:

- Hagnaður á 2F 2024 nam 9,0 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 6,7 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2023.
- Arðsemi eiginfjár var 11,7% á 2F 2024, samanborið við 9,5% á sama tímabili 2023.
- Hreinar vaxtatekjur voru 14,8 milljarðar króna en þær námu 14,5 milljörðum króna á sama tímabili 2023.
- Hreinar þjónustutekjur námu 2,6 milljörðum króna en voru 2,7 milljarðar króna á 2F 2023.
- Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 746 milljónir króna á 2F 2024.
- Í maí birti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um túlkun á tilteknum ákvæðum tilskipana Evrópusambandsins er varða fasteignalán og skilmála í neytendasamningum. Álitið var veitt að beiðni héraðsdóms í tveimur dómsmálum, annað þeirra höfðað gegn Landsbankanum, og varðar forsendur fyrir ákvörðun vaxta á fasteignalánnum. Umrætt dómsmál gagnvart Landsbankanum verður nú tekið til áframhaldandi meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.
- Landsbankinn og Kvika undirrituðu samkomulag um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. þann 30. maí 2024, í kjölfar skuldbindandi kauptilboðs sem Landsbankinn lagði fram þann 15. mars sl. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Kaupverð TM er 28,6 milljarðar króna en endanleg greiðsla fyrir félagið er háð kaupverðsaðlögun á þeim degi sem bankinn tekur við rekstri félagsins.

Efnahagur:

- Útlán jukust um 7% frá áramótum, eða um 107,7 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 23,5 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja jukust um 84,2 milljarða króna, en þar af eru gengisáhrif tæpur 1 milljarður króna til lækkunar.
- Innlán jukust um 9,5% frá áramótum, eða um tæpa 100 milljarða króna. Innstæður á sparireikningum í appi jukust um 48%.
- Í lok annars ársfjórðungs hafði meirihluti viðskiptavina í Grindavík með íbúðalán hjá bankanum kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlum ehf. fasteignir sínar. Afgreiðsla á viðskiptum á milli þessara aðila var ekki að fullu lokið á fjórðungnum en þá var búið að greiða upp íbúðalán til 398 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 10,3 milljarðar króna.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárahlutfall bankans var 177% í lok 2F 2024, samanborið við 165% í lok 2F 2023.

Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	1H 2024	1H 2023	Breyting	Breyting%	2F 2024	2F 2023	Breyting	Breyting%
Fjárhæðir í milljónum króna								
Hagnaður tímabilsins	16.121	14.473	1.648	11,4%	8.965	6.717	2.248	33,5%
Hreinar vaxtatekjur	29.135	27.535	1.600	5,8%	14.752	14.469	283	2,0%
Hreinar þjónustutekjur	5.378	5.751	(373)	(6,5%)	2.642	2.703	(61)	(2,3%)
Aðrar rekstrartekjur	2.874	1.191	1.683	141,3%	2.432	(15)	2.447	
Rekstrartekjur	37.387	34.477	2.910	8,4%	19.826	17.157	2.669	15,6%
Laun og launatengd gjöld	(8.423)	(8.313)	(110)	1,3%	(4.190)	(4.194)	4	(0,1%)
Annar rekstrarkostnaður	(5.077)	(4.725)	(352)	7,4%	(2.491)	(2.370)	(121)	5,1%
Rekstrargjöld	(14.736)	(14.158)	(578)	4,1%	(7.317)	(7.114)	(203)	2,9%

EFNAHAGUR	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	Breyting%
Heildareignir	2.075.463	1.960.776	114.687	5,8%
Útlán til viðskiptavina	1.738.585	1.630.894	107.691	6,6%
Innlán frá viðskiptavinum	1.148.431	1.048.537	99.894	9,5%
Eigið fé	303.262	303.754	(492)	(0,2%)

KENNIÖLUR	1H 2024	1H 2023	2F 2024	2F 2023
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,5%	10,3%	11,7%	9,5%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,9%	2,9%	2,9%	3,0%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,3%	1,4%	1,3%	1,4%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	33,1%	36,1%	32,5%	39,5%

	30.6.2024	31.3.2024	31.12.2023	31.12.2022
Eiginfjárlutfall alls	24,4%	24,9%	23,6%	24,7%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	138%	157%	145%	132%
Heildarlausafjárþekja	177%	272%	181%	134%
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR (LCR FX til og með 2022)	447%	947%	1.499%	351%
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,5%	0,7%	0,3%	0,2%
Meðalstöðugildi	824	824	849	843
Stöðugildi í lok tímabils	824	826	817	813

*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

Fjárhagsdagatal Landsbankans

- Uppgjör 3F 2024 23. október 2024
- Ársuppgjör 2024 30. janúar 2025